

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi, Selhraun suður.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 23. október 2018 endurskoðun og breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulagi og skilmálum fyrir Selhraun suður.

Endurskoðun og breytingar: nýtingarhlutfall einstakra lóða var endurskoðað ásamt hámarksbyggingarmagni og skiptingu einstakra lóða. Lóðarstærðir og byggingarreitir hafa verið uppfærðir til samræmis við fasteignaskráningu. Deiliskipulagsuppráttur og skilmálar hafa verið endurskoðaðir og uppfærðir í samræmi við fyrri deiliskipulagsbreytingar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 9. nóvember 2018.*

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,  
**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2018